

Ed.

117. Frumvarp

til laga um breyting á 2. gr. í lögum nr. 29, 20. oktbr. 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í Ed.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að selja þann hluta Arnarhóls-lóðarinnar, sem heimild er til að selja samkvæmt 2. gr. laga 20. okt. 1905 þeim, er kaups beiðist í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir eigi minna en 3 kr. fyrir ferhyrningsalin, en þó eigi lægra, en tveir dómkvaddir menn meta í hvert skifti, er kaupa er beiðzt.